



Myndirnar eru teknar í Frognergardinum í Osló og í baksýn eru styttur Vigelands sem prýða gardinn. Frá vinstri: Brynja Bjarkadóttir Læknablaðinu, Hanne Mohr frá danska læknablaðinu, Pentti Alhola frá finnska læknablaðinu, Pia Gelhaar frá sænska læknablaðinu, Maud Kaino frá Tidsskrift for Den norske lægeforening og Védís Skarphéðinsdóttir Læknablaðinu.

Fundur auglýsingastjóra norrænu læknablaðanna

ALLT FRÁ ÁRINU 2002 hafa auglýsingastjórar norrænu læknablaðanna hist á fundum til bera saman bækur sínar. Fyrsti fundurinn var haldinn í húsa- kynnum Læknafélags Íslands í Kópavogi og í ár var röðin komin að norska læknafélaginu. Skoðanaskipti af þessum toga eru ófrávikjanlega holl og styrkja allir stoðir, hvort heldur er innan blaðs eða á samnorrænum grundvelli. Þótt margt sé ólíkt með blöðunum í sjón og raun er samt margfalt fleira sem er þeim sameiginlegt enda eru þau sumpart af sama húsi og kynþætti eins og þar stendur.

–VS



Frá vinstri: Maud Kaino gestgjafinn í ár, Pia Gelhaar frá Läkartidningen, Hanne Mohr frá Ugeskrift for læger og Pentti Alhola frá Suomen lääkärilehti.

Að gefnu tilefni

OKKUR ER kunnugt um að það sé stefna ritstjórnar Læknablaðsins að blaðið sé opinn vettvangur fyrir lækna til skoðanaskipta og kynningar á vísindarannsóknum. Innsendar vísindagreinar fari í ákveðinn farveg þar sem að minnsta kosti tveir ritrýnar fari yfir þær. Varðandi aðrar innsendar greinar hefur ritstjórnin viðhaft ákveðið vinnulag um það hvort þær greinar séu birtar eða ekki

og reynt eftir fremsta megni að koma til móts við óskir lækna um birtingu greina að því marki að þær séu ekki meiðandi eða á annan hátt utan siðferðilegra marka.

Í síðasta tölublaði Læknablaðsins birtist innsend grein undir yfirskriftinni „Nýi sloppur keisarans.“ Í þessari grein er meðal annars fjallað um afleysingastörf lækna á taugadeild Landspítala nú í sumar. Þar

sem lögfræðingur Læknafélags Íslands hefur tjáð okkur að ritstjórn Læknablaðsins sé vanhæf til þess að fjalla um þetta mál þá gerum við það sem einstaklingar. Það er okkar skoðun að birting þessarar greinar í Læknablaðinu hafi verið mistök.

**Hannes Petersen
Emil L. Sigurðsson
Karl Andersen
Ragnheiður I. Bjarnadóttir**